



Landskerfi bókasafna

Skeiða- og Gnúþverjahreppur	
Bnr. 0.0	K/S 4.10.18
Ábm.	Svfr.
Afgr. <i>Fundur</i>)Bréf ()St.
Lvm.	Tfm.

Reykjavík 28. september 2018

Erindi: Vinnslusamningur við samning um þjónustu vegna bókasafnskerfis

Ágæti bæjarstjóri/sveitarstjóri.

Þegar Landskerfi bókasafna hf. vinnur með persónuupplýsingar á vegum bókasafna sveitarfélagsins er Landskerfið vinnsluaðili, en bókasöfnin eru ábyrgðaraðilar þeirra persónuupplýsinga sem safnað er í tengslum við vinnsluna. Þetta er samkvæmt lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Það að Landskerfi bókasafna hf. sé vinnsluaðili fyrir bókasöfnin hvað varðar vinnslur tengdar bókasafnskerfinu hefur í för með sér að gera þarf vinnslusamninga milli Landskerfisins og sveitarfélagsins. Vinnslusamningurinn, sem er viðauki við gildandi *samning um þjónustu vegna bókasafnskerfis* fylgir með bréfi þessu í tvíriti. Sveitarfélagið heldur öðru eintakinu en hitt óskast sent undirritað til Landskerfis bókasafna hf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík.

Virðingarfyllst,

Sveinbjörg Sveinsdóttir
Framkvæmdastjóri Landskerfi bókasafna hf.

Netfang: sveinbjorg@landskerfi.is
Sími: 514-5051

Landskerfi bókasafna hf., kt. 440202-2920, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, í þessum samningi nefnt „vinnsluaðili“ og Skeiða- og Gnúpverjahreppur, kt. 540602-4410, Skeiða- og Gnúpverjahreppi Árnesi, 801 Selfossi, í þessum samningi nefnt „ábyrgðaraðili“, gera með sér svofeldan

VINNSLUSAMNING:

1. Tilgangur samnings

- 1.1. Tilgangur þessa vinnslusamnings er að lýsa skyldum samningsaðila í tengslum við þá vinnslustarfsemi sem samningurinn tekur til. Vinnslusamningur þessi telst viðauki við samning um þjónustu vegna bókasafnskerfis sem í gildi er milli sömu aðila.
- 1.2. Samningsaðilar skulu framfylgja skyldum sínum á grundvelli laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglugerðar ESB nr. 2016/679 (almenna persónuverndarreglugerðin), sbr. nánar í grein 3 samnings þessa.

2. Lýsing á vinnslustarfsemi

- 2.1. Vinnsluaðili mun vinna fyrir hönd ábyrgðaraðila þær persónuupplýsingar sem eru nauðsynlegar til að veita þjónustu til ábyrgðaraðila, nánar tiltekið að reka upplýsinga- og skráningarkerfi fyrir bókasöfn og veita bókasöfnunum tengda séfræðiþjónustu.
- 2.2. Starfsemi vinnsluaðila kann að fela í sér vinnslu persónuupplýsinga um lánþega bókasafna sem undir samninginn heyra á borð við nöfn þeirra, kennitölur, tengiliðaupplýsingar, útláanasögu, og upplýsingar um sektir. Upplýsingarnar eru vistaðar að mestu í staðbundnum lánþegaupplýsingum safns í upplýsinga- og skráningarkerfinu Gegni og byggja meðal annars á gögnum úr víðværum hluta kerfisins þar sem þjóðskrárupplýsingar eru vistaðar.
- 2.3. Tilgangur vinnslunnar er að vinna nauðsynlegar persónuupplýsingar í tengslum við rekstur og þjónustu upplýsinga- og skráningarkerfis fyrir bókasafnið.

3. Skyldur samningsaðila

- 3.1. Vinnsluaðili skal einungis vinna persónuupplýsingar samkvæmt skriflegum fyrirmælum ábyrgðaraðila nema félagini sé annað skylt samkvæmt lögum. Í slíkum tilfellum mun vinnsluaðili upplýsa ábyrgðaraðila um það lagaskilyrði áður en vinnslan hefst nema löginn banni slíka upplýsingagjöf vegna mikilvægra almannahagsmuna. Í þeim tilvikum þegar vinnsluaðili telur að fyrirmæli ábyrgðaraðila samrýmist ekki ákvæðum laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, almennu persónuverndarreglugerðinni eða öðrum viðeigandi lögum sem varða vinnslu persónuupplýsinga, ber honum að tilkynna ábyrgðaraðilanum slíkt án tafar.
- 3.2. Vinnsluaðili skal tryggja að aðilar sem vinna persónuupplýsingar á vegum hans hafi engist undir trúnaðarskyldu með samningi eða heyri undir lögboðna trúnaðarskyldu.



- 3.3. Vinnsluaðili skal gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja viðeigandi öryggi persónuupplýsinga miðað við áhættuna sem fólgin er í vinnslunni.
- 3.4. Vinnsluaðili skal ekki ráða undirvinnsluaðila til að inna af hendi tiltekna vinnslustarfsemi fyrir hönd ábyrgðaraðila nema með heimild ábyrgðaraðila eins og nánar er lýst í grein 4 samnings þessa.
- 3.5. Vinnsluaðili skal aðstoða ábyrgðaraðila, eftir því sem við á og að teknu tilliti til eðlis vinnslunnar, við að uppfylla skyldu sína að svara og verða við beiðnum frá skráðum einstaklingum svo þeir fái neytt réttar síns, svo sem aðgangsréttar, réttar til leiðréttингar og eyðingar, réttar til andmæla eða takmörkunar á vinnslu og flutningsréttar, sem mælt er fyrir um III. kafla laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Ábyrgðaraðila ber til að mynda að veita skráðum einstaklingi upplýsingar um aðgerðir, sem gripið er til vegna slíkrar beiðni, án ótilhlýðilegrar tafar og hvað sem öðru líður innan mánaðar frá viðtöku beiðninnar. Frest þennan má aðeins lengja í takmörkuðum tilvikum. Leggi hinn skráði fram beiðni um að neyta réttinda sinna hjá vinnsluaðila skal vinnsluaðili áframseenda slíka beiðni til ábyrgðaraðila án tafar.
- 3.6. Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að veita skráðum einstaklingum upplýsingar (fræðslu) um vinnslustarfsemina þegar persónuupplýsingunum er safnað í samræmi við ákvæði gildandi laga um persónuvernd.
- 3.7. Vinnsluaðili skal tilkynna til ábyrgðaraðila sérhvern öryggisbrest við meðferð persónuupplýsinga án ótilhlýðilegrar tafar eftir að vinnsluaðili verður brests var. Vinnsluaðili skal veita ábyrgðaraðila allar nauðsynlegar upplýsingar og skjöl eða gögn um öryggisbrestinn um leið og þau verða tiltæk. Sé það nauðsynlegt er vinnsluaðila heimilt að koma slíkum upplýsingum, skjölum eða gögnum til ábyrgðaraðila í áföngum.
- 3.8. Ef við á skal vinnsluaðili aðstoða ábyrgðaraðila við að framkvæma mat á áhrifum vinnslu á persónuvernd í samræmi við ákvæði 29. og 30. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, að teknu tilliti til eðlis vinnslunnar og upplýsinga sem vinnsluaðili hefur aðgang að.
- 3.9. Þegar veitingu þjónustunnar samkvæmt samningi þessum lýkur skal vinnsluaðili eyða öllum persónuupplýsingum (heimildir lánþega í staðbundnum lánþegaupplýsingum) sem tengjast vinnslunni og eyða öllum afritum þeirra sem finna má í kerfum vinnsluaðila nema þess sé krafist samkvæmt lögum að persónuupplýsingar séu varðveittar af hálfu vinnsluaðila. Þegar upplýsingunum hefur verið eytt skal vinnsluaðili senda safninu lista yfir lánþegana ásamt greinargerð um þær upplýsingar sem eytt var ef eftir því er óskað.
- 3.10. Vinnsluaðili mun ef kostur er veita ábyrgðaraðila aðgang að þeim upplýsingum sem honum eru nauðsynlegar til að sýna fram á að skuldbindingar hans sem tengjast greinum 3.2. – 3.9. samnings þessa séu uppfylltar óski hann eftir því. Hafi ábyrgðaraðili eða annar aðili með höndum úttekt á vinnslu gagna hjá vinnsluaðila mun vinnsluaðili veita ábyrgðaraðila þjónustu er hann kann að óska eftir í þessu sambandi.
- 3.11. Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á að skyldum hans samkvæmt ákvæðum laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglna settum samkvæmt þeim sé framfylgt, þar á meðal framkvæmi viðeigandi öryggisráðstafanir og viðhafi innra eftirlit.

4. Undirvinnsluaðilar

- 4.1. Vinnsluaðila er heimilt að semja við annan aðila („undirvinnsluaðila“) um að framkvæma tilteknar vinnsluaðgerðir. Ef vinnsluaðili bætir við undirvinnsluaðila eða gerir breytingar á þeim undirvinnsluaðilum sem þegar eru notaðir, eða þegar um er að ræða viðbætur eða breytingar frá gildandi fyrirkomulagi vinnsluaðgerða, skal vinnsluaðili upplýsinga ábyrgðaraðila skriflega um slíkt. Ábyrgðaraðili hefur 14 – fjórtán – daga frá þeim degi sem hann móttékur upplýsingar um breytingar til að koma athugasemdum á framfæri. Notkun á undirvinnsluaðila er eingöngu heimil þegar ábyrgðaraðili hefur ekki andmælt því innan tímamarkanna. Skrá yfir undirvinnsluaðila hverju sinni er aðgengileg á heimasíðu vinnsluaðila á slóðinni <https://landskerfi.is/personuverndarloggjof/skra-yfir-undirvinnsluadila/skra-yfir-undirvinnsluadila>.
- 4.2. Ráði vinnsluaðili undirvinnsluaðila í samræmi við ákvæði greinar 4.1. skulu með samningi leggjast á undirvinnsluaðila sömu skyldur varðandi persónuvernd og settar eru fram í samningi þessum. Einkum skulu í slíkum samningi veittar nægar tryggingar fyrir því að gerðar séu viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir þannig að vinnslan uppfylli kröfur laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Uppfylli undirvinnsluaðili ekki persónuverndarskyldur sínar skal vinnsluaðili áfram bera fulla ábyrgð gagnvart ábyrgðaraðila á því að undirvinnsluaðilinn efni skuldbindingar sínar.

5. Gildistími samnings

- 5.1. Samningur þessi gildir frá undirritun og skal gilda svo lengi sem í gildi er þjónustusamningur milli samningsaðila.

6. Ýmis ákvæði


- 6.1. Af samningi þessum eru gerð tvö eintök og heldur hvor aðili sínu.
- 6.2. Samningur þessi er í samræmi við íslensk lög. Ágreiningsmál vegna samnings þessa skulu rekin fyrir íslenskum dómistólum.

Reykjavík, 28. september 2018

f.h. ábyrgðaraðila,

Bæjarstjóri / sveitarstjóri

f.h. vinnsluaðila,


Sveinbjörn Sveinsdóttir,
framkvæmdastjóri

